

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Söltuð þorskflök:	U.S. \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 550,00
Flokkur A 400/700	3 300,00
Flokkur A 200/400	2 950,00
Flokkur A 100/200	2 500,00
Flokkur B 700/up	3 150,00
Flokkur B 400/700	2 900,00
Flokkur B 200/400	2 550,00
Flokkur B 100/200	2 100,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 470

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X og Alexandrine drottningar, fyrir árið 1982.

Sjóður í ársbyrjun:	kr.
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	5 836,00
Vextir	2 334,00
	<hr/>
	8 170,00

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1983.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Haliðadóttir.